



Reykjavík 22.04.2022

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hæð byggingar á Ægisíðu (US220021)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 26.01.2022 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn Áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

„Í samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar á uppbyggingarsvæðum sem samþykkt er af borgarstjóra er sagt að leggja skuli áherslu á gæði og gott umhverfi og varðveita staðaranda og yfirbragð byggðar.

Telja skipulagsyfirlönd í borginni að allt að 5 hæða fjölbýli í lágstemmdari byggð Ægissíðu falli undir þessi samningsmarkmið Reykjavíkurborgar?“

Umsögn:

Á þéttingarreitum og svæðum er almennt tekið mið af ákvæðum aðalskipulags um hæðir húsa og annarra mannvirkja á viðkomandi svæði. Við deiliskipulag viðkomandi reits/ svæðis þarf enn fremur að taka mið af staðhátum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er á nærliggjandi svæðum og vinna þarf skuggavarp ofl. greiningar samhliða gerð deiliskipulags. Skipulagsfulltrúa hafa ekki borist neinar tillögur enn sem komið um uppbyggingu á einstaka reitum eða lóðum við Ægisíðu. Hvort að fimm hæða byggingar gangi upp á viðkomandi reit/reitum helgast af ofangreindum þáttum þ.e. yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er og greiningu á áhrifum hennar á nærumhverfið.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi